

Fundur stýrihóps fagráðs um starfsþróun kennara 4. febrúar 2014.

Fundurinn haldinn í menntamálaráðuneyti og í Háskólanum á Akureyri með fjarfundabúnaði. Mættir: Björg Bjarnadóttir, Sigurjón Mýrdal, Svanhildur Ólafsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Gunnar Gíslason og Trausti Þorsteinsson. Jón Torfi Jónasson boðaði forföll.

Dagskrá fundar.

1. Starfsauglýsing og umsóknir.
2. Dagskrá ráðstefnu um starfsþróun kennara í samvinnu við miðstöð skólaþróunar HA
3. „Future teachers“ – norræn ráðstefna um starfsþróun kennara 13.–14. ágúst nk.
4. Önnur mál.

Sigurjón setti fund og kynnti dagskrá. Óskaði hann eftir að fá að taka í upphafi fundar undir liðnum önnur mál umfjöllun um gerð upplýsingavefs um starfsþróun kennara og heimasíðu fagráðs um starfsþróun kennara og var það samþykkt. Sigurjón hafði boðið Björgu Pétursdóttur deildarstjóra á fundinn en hún hefur unnið að þróun upplýsingavefsins og greindi hún frá stöðu mála við gerð hans. Vefurinn felur í sér upplýsingar fyrir kennara um námskeið og fræðslufundi sem nýtast þeim til símenntunar. Rætt var um hvað fara mætti inn á upplýsingavefinn hvort hver sem er gæti sett þangað efni inn eða hvort hafa ætti einhverja stjórn á honum. Sjónarmið fundarmanna var það að til að byrja með yrði aðeins völdum aðilum boðið að setja inn efni á vefinn. Eingöngu væri litið til námskeiða ætluð kennurum og skólastjórnendum í leik-, grunn, framhalds – og tónlistarskólum. Til að byrja með væri eingöngu þeim aðilum sem fulltrúa ættu í fagráði boðið að setja inn efni á vefinn, þ.e.a.s. samtökum kennara, skólastjórnenda, sveitarfélögum, menntamálaráðuneyti og háskólunum.

Þá kynnti Sigurjón stöðu mála við gerð vefsíðu fagráðs. Edda Kjartansdóttir hefur unnið að gerð vefsins. Spurning hefði vaknað hvar hýsa ætti vefinn og hvort hann ætti að hafa sérstakt lén. Ákveðið var að bíða með að svara þeim spurningum en Edda verði fenginn til að vinna áfram að gerð vefsins.

1. Starfsauglýsing og umsóknir:

Umsóknarfrestur um starf verkefnisstjóra fagráðs rann út á miðnætti 3. febrúar. Auglýst var hálf tugi starf og kynnti Sigurjón umsóknir sem borist höfðu áður en umsóknarfrestur rann út. Alls eru umsækjendur 35 talsins. Ákveðið hefur verið að fara að starfsreglum menntamálaráðuneytis við ráðningu í starfið en auk fulltrúa úr fagráði verði bæði mannauðsstjóri og fulltrúi menntamálaráðuneytis í ráðningarnefnd. Samþykkti stýrihópur að Sigurjón Mýrdal og Björg Bjarnadóttir verði fulltrúar fagráðs í nefndinni.

2. Dagskrá ráðstefnu um starfsþróun kennara í samvinnu við miðstöð skólaþróunar HA:

Trausti kynnti stöðu mála varðandi ráðstefnu um starfsþróun kennara sem haldin verður í apríl í samvinnu við miðstöð skólaþróunar HA. Drög að dagskrá liggja fyrir þar sem gert er ráð fyrir að ein samræðulota verði í forsvari fagráðs um starfsþróun. Lotunni verði skipt í sjö stofur þar sem eitt mál verði til umræðu í hverri þeirra. Gerðar voru tillögur að þeimum fyrir hverja þeirra og Trausta falið að vinna úr ásamt forstöðumanni miðstöðvar skólaþróunar.

3. „Future teachers“ – Norræn ráðstefna um starfsþróun kennara 13.–14. ágúst nk.:

Sigurjón kynnt stöðu mála við undirbúning Norrænu ráðstefnunnar um starfsþróun kennara í ágúst nk. Hann ásamt Svanhildi Ólafsdóttur mætti á fund með Gestamóttökunni sem annast mun framkvæmd ráðstefnunnar. Sigurjón greindi frá því að nú þyrfti að fara að festa niður dagskrá og hefði hann haft samband við Andy Hargreaves og Pasi Sahlberg og báðir hefðu þeir lýst vilja til að koma og vera með aðalfyrirlestara á ráðstefnunni. Samþykkt var að leitað yrði til þeirra um að vera aðalfyrirlesarar. Fundarmenn ræddu um hvaða íslensku fræðimenn gætu verið meðal þeirra sem aðalfyrirlesari á ráðstefnunni og hvort bæta ætti við þriðja erlenda fyrirlesaranum. Var Sigurjóni, Svanhildi og Trausta falið að vinna úr fram komnum hugmyndum. Jafnframt samþykkti stýrihópur að boðað yrði til aukafundar í hópnum þegar fyrir lægju mótaðri drög að dagskrá ráðstefnunnar.

4. Önnur mál:

Ákveðið var að næsti reglulegi fundur stýrihóps yrði þriðjudaginn 11. mars.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Trausti Þorsteinsson